

# Fjölbrautaskóli Suðurlands



Fjölbrautaskóli Suðurlands á rætur sínar að rekja til Iðnskólans á Selfossi, framhaldsdeildanna við Gagnfræðaskólann á Hvolsvelli, Selfossi, Skógum og í Hveragerði, auk öldungadeildarinnar í Hveragerði.

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi var stofnaður 1981 en 1983 gerðust sýslurnar á Suðurlandi aðilar að skólanum. Eigendur skólans eru ríkissjóður og sveitarfélög á Suðurlandi. Skólinn þjónar öllu Suðurlandi. Auk þess að sjá um viðtækt verknám og bóknám er boðið upp á meistaranám. Einnig sér skólinn um kennslu á Litla-Hrauni og við réttargeðdeildina að Sogni.

Nemendum í dagskóla hefur farið fjölgandi ár frá ári en nemendum kvöldskólans og öldungadeildarinnar hefur aftur á móti fækkað smám saman. Frá og með vorönn 2000 var engin öldungadeild starfandi þó áfram væri kennt í meistaraskóla.

Það er stefna skólans að gera sögu hans sýnilega. Í því sambandi hefur verið gefin út skólaskýrsla sem lýsir fyrstu 10 árum skólans. Sögu skólans má einnig finna í skýrslum sem gerðar eru ýmist árlega eða í lok ákveðinna verkefna. [Veffréttir](#) eru gefnar út vikulega og má þar finna ýmsar fréttir um skólastarfið. Auðvelt er að finna eldri veffréttir og fá þannig nánari upplýsingar um starfsemi skólans á ákveðnu tímabili.

## Fjölbrautaskóli Suðurlands